



Vestfjarðaleiðin
#TheWestfjordsWay

Vestfjarðaleiðin #TheWestfjordsWay

Verkfærakistan

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning



Vestfjarðaleiðin #TheWestfjordsWay

Ný ferðaleið um Vestfirði

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Ný ferðaleið um Vestfirði

Vestfjarðaleiðin #TheWestfjordsWay er nýtt verkefni sem Vestfjarðastofa og Vesturlandsstofa hafa þróað og hannað til laða fleiri ferðamenn til Vestfjarða og í Dal¹, fá þá til að dvelja lengur á staðnum, auk þess að ferðast meira innan svæðisins.

Leiðin sækir innblástur til fjölda vinsælla leiða um allan heim og dregur fram allt það besta sem við höfum uppá að bjóða í nýjum pakka sem við komum á markað – og Vestfjörðum um leið á ferðamannakortið. Með göngum um Hrafnseyrarheiði er heilsársleið milli norðan og sunnanverðra Vestfjarða loks orðin að raunveruleika. Það leiðir til nýrra tækifæra á borð við Vestfjarðaleiðina.

Vestfjarðaleiðin er stórt og spennandi tækifæri fyrir okkur til að sameinast um að Vestfirðir verði með vinsælustu áfangastöðum Íslands. Við vitum að Vestfirðir eru bestir – nú höfum við tækifæri til að sanna það.

Þessi verkfærakista er búin til fyrir ferðabjónustuaðila, fyrirtæki og samfélög á Vestfjörðum. Hér er útskýrt betur hvað Vestfjarðaleiðin er, fyrir hvern hún er og hvernig hægt er að taka þátt.

Og það verður sannarlega þess virði fyrir þig að taka þátt. Vestfjarðaleiðin verður í brennidepli í kynningum hjá Vist Westfjords og Visit West og verður markaðssett alþjóðlega af Íslandsstofu. Fyrirtæki og samfélög sem taka þátt í Vestfjarðaleiðinni fá aukna umfjöllun og tækifæri til að bjóða nýja gesti velkomna árið um kring.

Hvernig tek ég þátt?

- Skráðu þig (bls. 28)
- Hugsaðu út í þitt vörumerki (bls. 6) og hvar það ætti heima
- Veldu þinn áherslumarkað (bls. 8) og hvað þú vilt segja (bls. 12)
- Hverjar eru þínar sögur og hvernig getur þú miðlað þeim (bls. 19)
- Hvað þarft þú að gera svo þitt fyrirtæki sé tilbúið að taka þátt í Vestfjarðaleiðinni? (bls. 23)
- Byrjaðu að segja þínum gestum frá Vestfjarðaleiðinni
- Settu þig í samband við okkur (bls. 33)

¹ Dalir eru mikilvægur hluti af Vestfjarðaleiðinni, en þeir tengja leiðina í hring. Til einföldunar eru Dalir ekki tilgreindir sérstaklega í þessari verkfærakistu, þeir eru taldir með sem hluti af Vestfjörðum.

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

2

Okkar loforð til gesta

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Okkar loforð til gesta

Vestfjarðaleiðin #TheWestfjordsWay er stórkostleg akstursleið sem liggur í 950 km langan hring umhverfis Vestfirði og Dali.

Hún stuðlar að því að fá gesti til að staldra við og upplifa staðina, landslagið og menninguna, með aðstoð fólksins á svæðinu sem eru sögumenn frá náttúrunnar hendi.

Hér má finna söguna sem fangar allt það sem Vestfjarðaleiðin snýst um – hverju gestir eiga von á, hvers vegna þeir ættu að leggja leið sína hingað og hvað gerir Vestfirði einstaka og öðruvísi en alla aðra staði.

Ef þú horfir á Íslandskort má sjá hönd sem teygir sig úr norðvestri í átt að Grænlandi. Það eru Vestfirðir. **Vestfjarðaleiðin er stórkostleg akstursleið sem liggur í 950 km stóran hring meðfram brúnum þessa stórskona og stórkostlega skaga**, þar sem hver beygja fyrir horn eða ferð í gegnum fjallaskarð afhjúpar nýtt og ógleymanlegt landslag.

Þetta er **dramatísk akstursleið** og ógleymanleg vegferð. Þetta er alvöru keyrsla, stundum á malarvegum og í gegnum göng, þar sem þú færð að upplifa elsta hluta hins einstaka landslags sem Ísland hefur upp á að bjóða. Það að keyra gerir það að verkum

að þú velur hvar þú stoppar – sem þú ættir sannarlega að nýta þér við hvert tækifæri – á útsýnisstöðum, fjallstindum, ströndum og nesjum. Ráfaðu um dæmigerða bæi og þorp sem finna má á leiðinni, gistu á hótélum sem láta lítið yfir sér eða fjölskyldureknum gistiheimilum, borðaðu einhvern besta fisk og lamb sem fyrirfinnst og deildu ást Íslendinga á kaffi og kökum í einhverjum af hinum fjölmörgu kaffihúsum og bakaríum sem birtast þegar þú átt síst von á þeim.

Vestfjarðaleiðin er mögnuð og mikilfengleg. Þú ert umkringd náttúruöflunum – mest af öllu vatni – sjó, ám, fossum, heitum laugum og auðvitað rigningu.

Þú sérð, finnur og bragðar á veðrinu allt um kring. Augað eygir endalaus tilbrigði af bláu á himni, sjó og í fjöllum. Þú kemst í tæri við villt dýralíf – hvali, seli, lunda og aðra sjófugla sem finna má í stórum stíl. Og þú dregst inn í **sögu og sjarma staðarins í gegnum fólkið – sagnafólk frá náttúrunnar hendi** sem vill deila með þér Íslendingasögum, þjóðsögum og persónulegum sögum af sjálfum sér og úr sinni heimabyggð.

Vestfjarðaleiðin **#TheWestfjordsWay** er algjörlega **ógleymanleg**.

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Vörumerkið

Nafn leiðarinnar er **Vestfjarðaleiðin** **#TheWestfjordsWay**, sambland af íslensku til að auðkenna hana og ensku til að staðsetja hana betur. Myllumerkið hvetur fólk til þess að deila reynslu sinni af leiðinni.

Vörumerkið fyrir Vestfjarðaleiðina er byggt á lögun Vestfjarðakjálkans, sem skagar stoltur út úr Íslandi. Svæðið er einn elsti hluti Íslands, mótað af ísöld fyrir tíu þúsund árum, sem myndaði djúpa firði, fjöll, dali og láglendi, landfræðilegt landslag sem hefur áhrif á gróður og dýralíf, útsýni og landslag auk alls dagslegs lífs, arfleiðar og menningar fólksins á Vestfjörðum.

Utan um vörumerkið er hringur sem hefur tvöfalda merkingu: baugur sem táknar tengingu við hið andlega og, á praktískari nótum, það að Vestfjarðaleiðin er hringleið.

Litirnir í vörumerkinu er grænn, svartur og hvítur. Græni liturinn er líflegur, endurspeglar gróðurvöxt við Dynjanda á vorin – og í raun meðfram allri leiðinni meðan svarti og hvíti liturinn endurspeglar hið dramatíska landslag.

Vörumerkið verður notað í öllu markaðsefni fyrir leiðina og á skiltum meðfram henni til merkingar. Þátttakendur geta notað vörumerkið í sínu kynningarefni.

Nokkur einkenni okkar

- Umhverfislega sjálfbær
- Utan alfaraleiðar
- Óspjölluð og óuppgötvuð
- Tilkomumikil
- Menning og saga
- Síðbreytilegt landslag
- Óbyggðir
- Firðir, fossar og laugar

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Þættir vörumerkisins

Vörumerkið/lógó



Vestfjarðaleiðin
#TheWestfjordsWay



Vestfjarðaleiðin
#TheWestfjordsWay



Vestfjarðaleiðin
#TheWestfjordsWay

Litir

Pantone: Black
CMYK: 0 0 0 100
RGB: 0 0 0
HEX: #000000

Pantone: 363
CMYK: 70 25 100 7
RGB: 75 140 45
HEX: #669933

Pantone: White
CMYK: 0 0 0 0
RGB: 255 255 255
HEX: #FFFFFF

Leturgerð

Nota má hvaða stærð og gerð sem er af letri úr Acumin-fjölskyldunni í kynningarefni.

Acumin Bold

Acumin Regular

Acumin Light

Acumin Bold Cond.

Acumin Regular Cond.

Acumin Light Cond

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

3

Áherslumarkaðir

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Áherslumarkaðir

Áherslumarkaðir Vestfjarðaleiðarinnar verða þeir sömu og hafa verið í forgangi hjá Íslandsstofu – Bandaríkin, Þýskaland, Skandinavía, Bretland og Frakkland – að minnsta kosti til að byrja með – það er líklega auðveldara að selja þeim sem eru tíðir gestir á Íslandi hugmyndina, en með tímanum vonumst við til að verða meðal vinsælustu valkosta allra gesta á Íslandi vegna þess hve sterkt orðspor okkar er og gæði upplifananna mikil.

Vestfjarðaleiðin mun höfða til tveggja af þrem aðal markhópum Íslands í ferðapjónustu – Lífsglaða heimsborgarans og Sjálfstæða landkönnuðarins. Þetta er fólk sem er til í ævintýri, til í að fara eitt en jafn ánægt að fara í litlum hópum, sérstaklega í hópferðir á einstaka staði út frá ákveðnum bænistöðvum, og vilja blandaða dagskrá af því að sjá og gera. Og það sem er mikilvægt fyrir okkur – þau eru til í að borga fyrir það að tími þeirra og upplifun sé sem best.

Næstu síður sýna yfirlit yfir þessara áhersluhópa, sem ætti að gefa hugmyndir um hverskonar fólk þetta er, að hverju það er að leita og hvers vegna þau eru tilvaldir gestir fyrir okkur.



1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Lífsglaði heimsborgarinn



Ljósmynd: Íslandsstofa

Persónueinkenni

- Fólk á aldrinum 25 – 50 ára
- Býr í þéttbýli
- Vill deila upplifun sinni með öðrum á samfélagsmiðlum
- Ferðast utan sumarmánaða
- Virkur ferðalangur
- Er umhugað um náttúru og náttúruvernd
- Tilbúin/n að borga fyrir gæði, þjónustu og vörur
- Varkár að eðlisfari og sækist í leiðsögn og gæðavottanir
- Er viljug/ur til að ferðast lengra og heim-sækja smærri samfélög

Eiginleikar

- Þetta er fólk sem hentar Vestfjarðaleiðinni vel – þau eru stöðugt að leita nýrra og ólíkra staða, eru meðvituð um umhverfið og hafa áhuga á ólíkri menningu.
- Þau svara áskorunum vel, en leita hugmynda og innblásturs og geta því orðið fyrir áhrifum af markaðsefni.
- Tilbúin/n að borga fyrir gæði, þjónustu og vörur.
- Nota samfélagsmiðla, net- og snjallsíma yfir meðallagi og geta því auðveldlega miðlað Vestfjarðaleiðinni og sinni upplifun áfram.

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Sjálfstæðir landkönnuðir



Persónueinkenni

- Fólk á aldrinum 35-65 ára
- Áreiðanleg, ábyrg og skynsöm
- Virkir ferðamenn – leita nýrra og spennandi áfangastaða
- Vilja ferðast utan alfaraleiðar
- Elska að vera úti, virða náttúruna og umhverfið
- Elska að kynnst nýrri menningu og staðhátum
- Ferðast í minni hópum
- Ferðast árið um kring, en eru sérstaklega opin fyrir að ferðast um vetur
- Ekki mjög félagslynd

Eiginleikar

- Þetta fólk er kjarninn í markhópnum fyrir Ísland almennt, en sérstaklega fyrir Vestfjarðaleiðina – fólk sem elskar að vera úti og ferðast utan alfaraleiðar.
- Áskorunin með þennan hóp liggur í því að fá þau til að eyða meira með því að gefa þeim ástæðu til þess – til dæmis með aðgangi að sérstökum stöðum og einstökum upplifunum í borgandi/litlum hópum.
- Þó þau séu ekki sérstaklega félagslynd, þá njóta þau menningarlegra upplifana á staðnum, en eru ekki líkleg til þess að deila þeim upplifunum á Instagram. Þau verða hins vegar sterkir talsmenn fyrir okkur í gegnum aðrar leiðir, svo sem sértilgerða þræði og síður á netinu og með umtali við vini og vandamenn.

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Megin skilaboð

Það eru **fjögur megin skilaboð** sem koma skal á framfæri í markaðsefni. Þessi skilaboð eru unnin upp úr sögunni í kringum vörumerkið, dregur saman styrkleika Vestfjarðaleiðarinnar og það sem getur vakið áhuga markhópanna. Þessi skilaboð eiga við báða hópa.

Hér að neðan má sjá þessi skilaboð með dæmum um hvað má segja með þeim til að gera þau lifandi. Notið þau að vild!

1: Upplifðu sjálfbæran áfangastað

- Svæðið hefur umhverfissvottun - EarthCheck Certification.
- Snýst um ferðamennsku sem er smá í sniðum og hæg – andstæðan við massa ferðapjónustu.
- Ferðamennskan hér hjálpar samfélögum að halda sér gangandi – hún er hluti af því sem fólk gerir.
- Leyfðu einhverjum öðrum að sjá um keyrsluna. Farðu í litla hópferð á landi eða legi.
- Þetta er land seiglu og harðfengis – þú færð að bragða á landi og sjó í öllu sem þú smakkar.

2: Farðu utan alfaraleiðar

- Þetta er ekta, ókannaður hluti landsins.
- Vestfjarðaleiðin gefur þér ákveðinn „gerðu það sjálfur“ tékklista – til að auka á innblásturinn.
- Sumarið er frábært – en vor og haust jafnvel betri.
- Leiðin er hringur – þú þarft ekki að snúa við frekar en þú vilt það.
- Þetta er göldrum þrungið og dulúðlegt - Íslendingasögur, þjóðsögur, álfar og tröll á hverju stráí, og náttúrufyrirbæri á borð við norðurljósinn og 24 tíma dagsbirtu á sumrin sem bókstaflega lýsa upp landslagið.

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatíði

7

Skráning

Megin skilaboð

3: Ekki gleyma að ...

- Fara út úr bílnum og gera eitthvað
- Borða það besta – heilnæman mat sem framleiddur er á svæðinu og borin fram af sannri ástríðu gestgjafans
- Taktu þér tíma í að spjalla – fólkið hér eru sögumenn frá náttúrunnar hendi
- Andaðu – hreint, tært loft

4: Ekki missa af ...

- Óvenjulegum söfnum – um sæskrímsli, nornir eða agnarsmá söfn um lífið á þessum slóðum hér áður
- Myndrænum lundum á tignarlegum klettum, æðarkollu kúrandi á ströndu, verndaða af æðarbónda, kríur sem dýfa sér niður til að vernda hreiðrin sín, hvali og seli í fjörðunum
- Kaffi, köku og spjalli í einu af hinum mörgu kaffihúsum eða bakaríum

Nytsamlegar markaðs ábendingar

- Kynntu þér vel söguna í kringum vörumerkið og hugleiddu hvernig þú getur notað hana í þinni markaðssetningu
- Hugsað um áhersluhópana og ákveddu hvað passar best við það sem þú býður uppá
- Veldu hvaða megin skilaboð henta þínu fyrirtæki – og búðu til undirskilaboð sem sýna á lifandi máta uppá hvað þú hefur að bjóða
- Spjallaðu við Visit Westfjords teymið ef þú þarft ráð og til þess að finna út hvernig þú getur tekið þátt í markaðsherferðum á þeirra vegum

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning



4

Sérstakar upplifanir

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Sérstakar upplifanir

Fyrir ferðamann sem ferðast um Vestfjarðaleiðina er margt að sjá og gera. Við höfum skilgreint átta mismunandi upplifanir sem Vestfjarðaleiðin býður uppá og sem við vitum að munu höfða til gesta.

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

1. Markvert við veginn



Staðir sem vert er að stoppa á, útsýnisstaðir, áhugaverðir vegkaflar og skemmtilegir útúrdúrar á leiðinni. Þetta eru staðir þar sem útsýnið er stórbrotið og upplifunin er eitthvað til að státa sig af. Sem dæmi: skarðið milli Hrafnseyrar og Þingeyrar, vegurinn í kringum Klofning, göngin í gegnum Arnarneshamarinn og Neshringurinn.

3. Náttúruperlur



Ferðir á einstaka staði, afskekktar heitar laugar og staðir til að njóta norðurljósa til hins ítrasta. Sem dæmi: friðlandið á Hornströndum, Látrabjarg, Rauðasandur, Hvammsfjörður, sellátrið við Hvítanesi, ferðir með leiðsögu-mönnum frá aðilum á borð við West tours, Westfjords Adventures eða öðrum gæða þjónustuaðilum.

2. Óvenjulegar upplifanir



Óvæntir staðir, söfn, matstaðir, upplifanir og gististaðir. Þessir staðir eru einstakir – upplifanir sem þú finnur hvergi annarsstaðar. Sem dæmi: Listasafn Samúels Jónssonar í Selárdal, Galdrasafnið á Hólmavík, Gamla bókabúðin á Flateyri, Skrímslasetrið á Bíldudal og Sauðfjársetrið á Hólmavík.

4. Töfrar vatnsins



Heitar laugar, fjörur, fossar, kajakróður og hvalaskoðun. Vatnið er alls staðar og þessar upplifanir tryggja að gestir upplifi það að komast í beina snertingu við það. Sem dæmi: heitu laugarnar Guðrúnarlaug og Flókalundur, fossinn Dynjandi, bátsferðir að skoða hvali og klettafugla, kajakferðir í Ögri og á Ísafirði.

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

5. Haldið til himins



Útsýnisstaðir, fjallaskörð, gönguleiðir/ferðir og skíðamennska. Það er hér sem þú heldur af stað til móts við himininn og uppskerð útsýni til allra átta. Þetta eru staðir þar sem fólk upplifir sig sem eina fólkið á jörðinni. Sem dæmi: Bolafjall, Kleifabúi á Kleifaheiði, fossinn Dynjandi, upplifunin að fljúga til Ísafjarðar, skíðamennska, fá leiðsögumann til að fylgja

þér inn í óbyggðirnar, ganga upp í tröllasætið í Naustahvilt eða ganga Óshlíðina, gamla veginn til Bolungarvíkur.

7. Að komast á bragðið



Bestu staðirnir til þess að borða á, stoppa í kaffi, frábær veitingahús sem vinna með mat úr héraði, bændaverslun og vörur úr héraði. Til dæmis: mjólkurbúið Erpsstaðir, Fisherman, Suðureyri, Tjörhúsið, Restaurant Galdur, Sætt og Salt, Dokkan Brugghús, kaffihús á borð við Kaffi Sól, Litlabæ auk Saltverks.

6. Sögur



Íslendingasögurnar, landnámsbæir, söfn og viðburðir. Hér getur þú kafað í sögu svæðisins, fólksins sem mótaði hana og var mótað af henni. Til dæmis: Minjasafnið á Hnjóti, Heydalur, Eiríksstaðir og Ósvör.

8. Hið einstaka á Instagram



Lifandi og leiftrandi staðir, sjónarhorn og upplifanir sem fanga kjarna Vestfjarðaleiðarinnar. Nú er tækfæri til þess að festa augnablikið á mynd og deila því. Til dæmis: flugvélin við Hnjót, stálskipið Garðar BA64, fjárhúsið með rauða þakinu í Arnarfirði, lundar, hvalir, selir og refir og allar heitu laugarnar.

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Þá má einnig finna almennari aðdráttaröfl við þetta svæði sem eru Vestfjarðaleiðinni mjög mikilvæg og gera hverja heimsókn einstaka.

Þar má nefna norðurljósinn, miðnætursól, firðina, sjá hvali frá landi, gróður og dýralíf – og tækifæri til þess að upplifa einveru með því að stíga út úr bílnum og fara í fjallgöngu eða setjast á ströndina. Þetta eru ókeypis upplifanir sem eru hluti af Vestfjarðaleiðinni og verða notaðar til að markaðsetja leiðina, veita markhópum okkar innblástur og verður einnig hægt að bjóða upp á sem hluta af skipulögðum ferðum og öðrum keyptum upplifunum.

Mörg fyrirtæki munu passa vel inn í einn eða fleiri af þeim átta flokkum sem við nefndum. Eða þú gætir þurft að útfæra aðeins það sem þú býður upp á svo það passi betur við skilaboðin. Og sum fyrirtæki passa í engan þessara flokka en eru gestum mjög nauðsynleg og mikilvæg engu að síður. Jafnvel þó það sé ekki augljóst í hvað flokk þitt fyrirtæki passar, nýttu tækifærið og hugleiddu hvernig þú getur látið þína starfsemi vinna með Vestfjarðaleiðinni. Hér eru nokkrar fljótlegar og einfaldar ábendingar:

Bílaeigur

- Bjóddu upp á kort með skemmtilegum viðkomustöðum merkta á leiðina, náttúruperlum og óvenjulegri afþreyingu
- Veittu ábendingar um staði til að stoppa á og taka myndir af hinum mörgu náttúruundrum

Hótel

- Skreyttu herbergi og almenn rými með myndum af náttúruperlum af svæðinu
- Notaðu liti og vörumerki Vestfjarðaleiðarinnar
- Hafðu sáttmála til sýnis í gestamóttöku

Veitingahús

- Notaðu afurðir sem framleiddar eru á svæðinu og útskýrðu hvaðan þær koma og hvernig þær eru unnar
- Settu hlekki og tengla á Vestfjarðaleiðina á heimasíðu og samfélagsmiðla
- Hafðu sáttmálann til sýnis

Afþreying/Söfn

- Veldu og nýttu sögur af Vestfjarðaleiðinni í þinni túlkun og því sem leiðsögumenn þínir segja og í markaðsefni
- Settu hlekki og tengla á Vestfjarðaleiðina á heimasíðu og samfélagsmiðla
- Hugsaðu um hvernig þú getur gert upplifunina sem þú býður upp á óvenjulega og eftirminnilega og gefðu starfsmönnum þínum tækifæri á að segja sögur

Ferðaþjónustuaðilar og ferðaskrifstofur

- Þróaðu ferðir sem byggja á hinum sérstöku upplifunum
- Búðu til „topp fimm“ lista fyrir bragðaðu á staðnum, óvenjulegar upplifanir og augnablik fyrir Instagram fyrir þá staði sem gestir gista á
- Reyndu að hvetja gesti til að deila myndum á samfélagsmiðla og nota myllumerki
- Þjálfðu og styddu við leiðsögumenn í að segja frábærar sögur

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

5

Að segja sögur Vestfjarðaleiðarinnar

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Að segja sögur Vestfjarðaleiðarinnar

Við eigum kannski ekki stærstu söfnin eða flottustu hótél í heiminum, en við segjum bestu sögurnar! Fólkið á Vestfjörðum eru sögumenn frá náttúrunnar hendi. Það eru svo margar sögur að segja – sagnfræðilegar, persónulegar og þjóðsagnakenndar. Gestir okkar vilja skilja svæðið, menninguna og fólkið - og sögur eru svo mikið betur til þess fallnar að blása lífi í staði en þurrar staðreyndir og tölfræði.

Að segja góðar sögur þarf ekki að vera flókið – hér eru nokkrar hugmyndir til að koma þér af stað:

- Taktu þér tíma í að spjalla við gesti og komast að því hvar áhugi þeirra liggur, bjóddu þeim að spyrja spurninga og svaraðu í samræmi við það
- Segðu þeim frá staðnum. Hver er saga hans? Hvers vegna er hann hér og hvernig er efnahagurinn, menningin og pólitíkin o.s.frv. Hvaða byggingar eru áhugaverðar og hvers vegna? Hvaða sögur og sagnir eiga uppruna sinn hér? Tengjast ákveðnir staðir einhverjum þjóðsögum?
- Hafðu upplýsingar og sögur um þitt fyrirtæki aðgengilegar í herbergjum eða almennum rýmum. Er áhugaverð saga í kringum húsið eða þann sem byggði það? Hefur fjölskylda þín búið hér kynslóðum saman eða ertu nýflutt/ur hingað – og þá hvers vegna? Eru einhverjar myndir sem væri gaman að hafa til sýnis?
- Ef fyrirtæki þitt er í veitingageiranum er fjöldi tækifæra til að birta sögur á matseðlum eða annars staðar. Hvaðan kaupirðu þínar vörur? Hvað er sérstakt við matinn sem þú berð fram? Hver er kokkurinn og á viðkomandi sér áhugaverða sögu? Einhverjar uppskriftir frá staðnum sem væri vert að hafa aðgengilegar? Einhverjar ábendingar um hvaða mat af svæðinu gestir verði að smakka?
- Deildu persónulegum sögum eins og þér þykir þægilegt. Eru til dramatískar sögur um forfeður þína? Sögur um erfiðleika og áskoranir eru alltaf áhugaverðar fyrir gesti. Þekkir þú eða fjölskylda þín einhverjar sögur um huldufólk?
- Gefðu gestum þínum ráð um hvert þeir eigi að fara, hvað þeir eigi að sjá og gera og hvers vegna. Hvaða innanbúðarábendingum lumar þú á – sérstaklega af því tagi sem erfitt er fyrir einhvern utanaðkomandi að verða sér úti um?
- Myndir og myndbönd má nota til þess að segja sögur – sérstaklega í markaðsefni þínu
- Notaðu tungumál áherslumarkhópanna eftir fremsta megni

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Hér eru nokkur dæmi um sögur sem fólk af Vestfjörðum og Vesturlandi segir sem vekja áhuga gesta:

- Kleifarkarlinn er stytta á Kleifaheiði sem var búin til af vegagerðarmönnum á sjöunda áratugnum. Það er hefð að veifa honum þegar keyrt er framhjá
- Steinn sem fannst í Goðadal má rekja aftur til landnáms (900-1000). Hann var notaður til að safna blóði úr dýrum sem var fórnað (og mögulega fólki) í heiðnum athöfnum. Steinninn er varðveittur í Galdrasafninu á Hólmavík. DNA próf hafa verið gerð á steininum og staðfest að á honum er blóðleifar
- Það er álfasteinn nokkra kílómetra norður af Búðardal. Vegagerðarmenn reyndu að fjarlægja hann en vélarnar biluðu. Ég flauta alltaf til aðvörunar áður en ég keyri framhjá, ef ske kynni að það séu álfar á veginum
- Fyrir ofan húsið mitt er röð af steinum – þar sem sagt er að búi huldufólk. Ég er oft ein á bænum yfir veturinn og mér finnst oft eins og ég heyri næstum því tónlist, hún er aðeins utan míns heyrnarsviðs, en ég finn fyrir henni
- Það átti aldrei að vera vegur umhverfis Svalvoga, en þrjóskur maður á svæðinu að nafni Elís Kjaran þrjóskaðist við að búa hann til sjálfur á gröfu yfir margra ára tímabil



1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Hér eru dæmi um hvernig sögur hafa verið notaðar á öðrum stöðum.

Að fanga skilningarvit gesta




Hugmyndin um að nota meira en sjónræna skynjun til þess að hjálpa gestum að sökkva sér í sögu staðarins er lykillinn að því að hafa áhrif á hvað þeim finnst. Kate McLean fer með fólk í lyktargönguferðir í borgum – til að búa til kort af borginni með öðrum skilningarvitum og búa til einstaka upplifun í leiðinni. Hún hefur búið til gönguferðir og kort í Amsterdam, París, Edinborg, New York og Boston.

Óvenjulegar sögur



Á Dormy House hótelinu í Cotswolds á Englandi má sjá uglur í ýmsum hlutverkum á hótelinu, sem dyrastoppara og lyklakippur sem dæmi. Ef þú vilt vita meira er þér bent á að spyrja starfsmann hver sagan á bakvið þetta er sem er góð byrjun á samtali. Þessar tuskudýrsuglur er búnar til af handverksfólki á svæðinu.

Persónulegar sögur



Esther Barron sem á Barron's Bakery í Cappoquin á Írlandi segir alltaf frá því hvernig afi hennar stofnaði fyrirtækið seint á nítjándu öld - og hvernig þau nota sömu ofnana enn þann dag í dag til að ná skorpunni réttir á brauðinu þeirra - „þessir ofnar gefa brauðinu okkar sitt einstaka bragð, áferð og skorpu“ – en það sýnir fram á hvernig þú getur notað sögu fjölskyldu þinnar til að sýna fram á gæði vörunnar eða þjónustunnar sem þú býður upp á (þau hafa meira að segja gefið út bók um sögu fyrirtækisins).

Sögulegar sögur



Ef þú gengur hálfa leið niður stigann á Radisson Blu, Farnham Estate hótelinu í Cavan á Írlandi, í átt að Wild Goose kjallarabarnum finnurðu yfirlýsingu um hvernig nafngift barsins var innblásin af „Wild Geese“ írskum uppreisnarmönnum og því hvernig þeir tengdust frönskum víframleiðendum.

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

6

Forgangsatriði við próun Vestfjarðaleiðarinnar

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Þú gerir Vestfjarðaleiðina að þeirri heimsklassa upplifun sem að við viljum að hún sé fyrir gesti okkar. Það er gott að skoða hvað við höfum uppá að bjóða með þeirra augum, biðja stöðugt um viðbrögð og umsagnir og leitast við að bæta það sem hægt er að bæta. Við þurfum að hugsa um alla upplifunina, áður en gestirnir koma og hvert þeir eru að fara næst. Hér eru nokkrar hugmyndir til innblásturs sem auðvelt er að hrinda í framkvæmd:

Ferðaáætlanir og hlekkir

Þú vilt aðstoða hvern viðskiptavin við að eyða eins miklum tíma og mögulegt er á Vestfjarðaleiðinni. Gestir þurfa aðstoð – þú þekkir svæðið, það gera þeir ekki. Segðu þeim hvað þér finnst þeir ættu að gera, hvert þeir ættu að fara næst, hvaða staði þeir ættu að heimsækja og upplifa, hvert þeir geta farið á innan við klukkutíma – og hvers vegna. Jafnmikilvægt er að segja þeim sögur af staðnum sem þeir ætla að heimsækja til að glæða hann lífi.

Topp ábendingar

- Leggðu áherslu á helstu upplifanir í u.þ.b. eins til tveggja stunda fjarlægð frá þínu fyrirtæki. Bentu á staði sem benda á þig á mót.
- Gefðu ábendingar um ferðaáætlanir og hvað sé hægt að upplifa, hvar sé best að borða, versla, slaka á og gista.
- Hugsaðu um ólíka hóp – hvað virkar fyrir mismunandi gesti.

Dæmi



Skilti við Wicklow Gaol sem sýnir allt sem hægt er að upplifa í 30-60 mínútna göngu eða keyrslu fjarlægð.

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Virkjaðu gesti í náttúrunni

Hið náttúrulega umhverfi Vestfjarðaleiðarinnar, gróðurinn, dýralífið, loftið og ljósið eru með því besta sem fyrirfinnst í heiminum. Þó að Vestfjarðaleiðin sé akstursleið er nauðsynlegt að hjálpa gestum okkar að stíga út úr bílunum og mynda tengsl við fólkið og landslagið. Opinberar stofnanir þurfa að vinna saman og bjóða upp á einfaldar og öruggar leiðir til þess að leggja bílum. Fyrirtæki geta gefið ráð og beint viðskiptavinum á ákveðna vinsæla áfangastaði án þess að sliga þá með offjölgun.

Topp ábendingar

- Bjóddu upp á kort og leiðarvísa sem sýna 30 mínútna til 2 tíma gönguleiðir nálægt þínu fyrirtæki – sem gera viðskiptavinunum kleift að njóta náttúrunnar í kring á þann hátt sem þeir myndu annars ekki gera.
- Leggðu áherslu á staði þar sem gestir geta verið virkir, bæði á landi og sjó. Íhugaðu að bjóða upp á búnað sem styður við þetta, sérstaklega fyrir fyrirtæki sem liggja að vatni eða sjó.
- Hugsaðu um fimm bestu útsýnisstaðina í nágrenni við þig og segðu þínum gestum frá þeim.
- Bentu gestum á staði þar sem þeir geta baðað sig í heitum laugum og hitt fólk af svæðinu.

Dæmi



The Bell Inn hótelið í New Forest á Englandi sýnir gestum hvernig þeir geta farið gangandi eða hjólandi út fyrir alfaraleið og hvetur þá jafnframt til að deila upplifunum sínum á samfélagsmiðlum,

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning


Vertu virkur

Það er gott að vera í sambandi við gesti bæði áður og eftir að til heimsóknar kemur. Notaðu samfélagsmiðla til þess að deila myndum, sögum og fréttum af því sem er að gerast til að vekja áhuga gesta sem eru að skipuleggja ferðir og byggðu upp tryggð meðal þeirra sem hafa þegar komið í heimsókn og geta verið sérlegir sendiherrar fyrir þitt vörumerki. Gott er að hvetja fólk til að skilja eftir umsagnir og fáðu gesti til að merkja þig og #TheWestfjordsWay á samfélagsmiðlum.

Topp ábendingar

- Settu reglulega inn færslur á samfélagsmiðla og gættu þess að hafa myndir og myndbönd.
- Notaðu Vestfjarðaleiðina, vörumerkið og söguna í kring í þínu markaðsefni.
- Vertu frumlegur og nákvæmur. Gefðu fólki ástæðu til að koma í heimsókn.
- Vertu duglegur að „tagga“ og nota myllumerki áfangastaða og tengingar á samfélagsmiðlum, sem finna má undir frekari upplýsingum hér aftast í þessari verkfærakistu, til að hjálpa þínum færslum að sjást sem víðast, m.a. í gegnum Inspired by Iceland.

Dæmi



Symbio Wildlife Park í Ástralíu notar myndir og myndbönd í hárrí upplausn til að segja sögur af dýrunum þeirra og eru með um 43 þúsund fylgjendur á á Instagram, 350 þúsund Facebook og 25 þús á YouTube. Þau merkja Tourism Australia sem deila færslum þeirra til sinna fylgjenda, sem skipta milljónum.

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning



Að skrá sig til leiks

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Að skrá sig til leiks

Við viljum að öll fyrirtæki og samfélög sem taka á móti gestum verði hluti af Vestfjarðaleiðinni, þar sem hver og einn þátttakandi bætir við ánægjuna af leiðinni og tengir gesti við upplifanir, menningu og fólk á þessu stórkostlega svæði. Það skiptir ekki máli hvort þú ert við leiðina sjálfa eða útúrdúr af henni. Þetta er einmitt svæði til að kanna og leita uppi upplifanir sem eru utan alfaraleiðar.

Vestfjarðaleiðin #TheWestfjordsWay sáttmálinn

Öll fyrirtæki sem vilja verða þátttakendur í Vestfjarðaleiðinni verða að hjálpa til við að standa undir loforði vörumerkisins og sögu þess (sjá bls. 6). Þau verða að aðstoða gesti við að tengjast við landslagið og fólk í gegnum persónulegar upplifanir og sögur, sumar skrifaðar en aðrar sagðar af gestgjöfum. Markmiðið er að skapa minningar fyrir gesti um staði og tíma sem þeir munu varðveita og rífa upp reglulega, koma þeim stöðugt á óvart – hjálpa þeim að finna til ánægju og að þeir hafi afrekað einhverju – styrkja löngun þeirra til að vera ferðalangar frekar en ferðamenn.



1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Vestfjarðaleiðin #TheWestfjordsWay sáttmálinn

Hér má sjá helstu þætti sáttmálans sem við viljum að öll fyrirtæki skuldbindi sig um að halda:

- 1. Vera einstök** – bjóða gestum upp á upplifun sem þeir gleyma ekki – ekki bara upplifun sem þeir geta keypt
- 2. Virkja skilningarvitin** – bjóða upp á upplifanir sem snúast ekki bara um það að sjá, heldur einnig um hljóð, lykt, bragð og áferð
- 3. Vera aðgengileg** – að veita allar upplýsingar sem gestir þurfa á að halda (opnunartíma, hvernig megi hafa samband, staðsetningu o.s.frv.) á okkar rafrænu miðlum og svara fyrirspurnum hratt og örugglega í síma, tölvupósti og í gegnum samfélagsmiðla
- 4. Hafa gæði og öryggi í fyrirrúmi** – að hjálpa gestum að upplifa Vestfjarðaleiðina á öruggan hátt með því að veita leiðsögn og ráð þegar kemur að því að keyra eða ganga, til að mynda varðandi veður og aðstæður, auk þess að standast ýtrustu gæðakröfur samanborið við aðrar upplifanir á Íslandi og þó víðar væri leitað
- 5. Vekja áhuga og virkja** – hvetja gesti til virkrar þátttöku eða móta söluvöru sem felur í sér eitthvað sem gestir geta gert sjálfir
- 6. Að vera persónulegur** – segja sögur tengdar Vestfjarðaleiðinni (sögulegar og úr samtímanum, sannar sögur og þjóðsögur) á lifandi hátt, þannig að þær flæði eðlilega og virki ekki eins og handrit fyrir ferðamenn
- 7. Vera markviss** – að höfða sterkt til a.m.k. eins af aðalmarkhópum Vestfjarðaleiðarinnar og reyna ná til hans með öllum leiðum, þar á meðal í gegnum samfélagsmiðla
- 8. Lengja tímabilið** – hjálpa til við að laða að gesti árið um kring og að reyna að lengja ferðamannatímabilið.
- 9. Vera leiðarvísir** – beina gestum að öðrum upplifunum á Vestfjarðaleiðinni og hjálpa þeim að setja saman sína ferðaáætlun á meðan á ferðinni stendur.
- 10. Virkja gesti sem talsmenn** – hjálpa gestum að deila sinni upplifun í gegnum samfélagsmiðla, leggja til hverju og hvernig eigi að deila því og bjóða upp á Wi-Fi
- 11. Vera umhverfisvæn** – að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif og styðjast við það sem er umhverfisvottað
- 12. Nota mat úr héraði (ef við á)** – útbúinn á áhugaverðan og girnilegan máta, draga það fram að maturinn sé hluti af Vestfjarðaleiðinni og veita upplýsingar um hvaðan hann kemur, framleiðendur, umhverfisáhrif, aðferðirnar við matreiðsluna o.s.frv.

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Við viljum að þú verðir hluti af Vestfjarðaleiðinni og það er jafn einfalt og að telja 1, 2, 3

- 1 Skoðaðu skilyrðin sem fylgja því að taka þátt og vertu viss um að þú fallist á þau öll
- 2 Athugaðu hvort þú sért tilbúin/n að votta öll 12 atriði sáttmálans eins og hann er settur upp hér að ofan
- 3 Fylltu út og kláraðu samstarfssamninginn á www.vestfirdir.is/vestfjardaleidin og greiddu gjaldið (sem verður notað til þróunar og markaðssetningar á Vestfjarðaleiðinni)

Þegar við höfum fengið samninginn þinn sendan förum við yfir umsóknina og sendum þér staðfestingu með vörumerkjum Vestfjarðaleiðarinnar, svo þú getir kynnt þína þátttöku í Vestfjarðaleiðinni og afrit af sáttmálanum sem þú getur haft til sýnis fyrir þína gesti.



1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Þáttökuskilmálar

Hverjir geta verið með

- Þátttakendur eru fyrirtæki með leyfi fyrir rekstri í ferðapjónustu, aðilar að Visit West Iceland og Visit Westfjords.
- Þátttakendur skuldbinda sig til að funda einu sinni á ári með með Visit West Iceland og Visit Westfjords.
- Þátttakendur skilja og samþykkja að styðja við sáttmála Vestfjarðaleiðarinnar.

Kostnaður

- Þátttakendur skrifa undir samstarfssamning og samþykkja að taka þátt í markaðskostnaði verkefnisins, samtals 25 þúsund krónur á ári sem greiða skal 1. september ár hvert.
- Þátttaka endurnýjast 1. september á hverju ári en þó er hægt að draga sig úr samkomulaginu með því að senda tölvupóst á Visit West Iceland eða Visit Westfjords og er miðað við þriggja mánaða uppsagnarfrest.

Markaðssetning og upplýsingar

- Þátttakendur styðja við markaðssetningu Vestfjarðaleiðarinnar með því að nota vörumerki hennar og nafn í eigin markaðsefni fyrir þeirra fyrirtæki, t.d. á Tripadvisor, Booking.com og eigin vefsíðum.
- Þátttakendur styðja við heimsóknir frá fjölmiðlum og kynnisferðir og veita þeim persónulegar móttökur.
- Þátttakendur nota vörumerki Vestfjarðaleiðarinnar á viðeigandi hátt, t.a.m. ekki á heimamálum skiltum.

Breytingar

- Þar sem Vestfjarðaleiðin er verkefni til langs tíma gætu orðið breytingar á þáttökuskilmálum eftir því sem verkefnið þróast. Þátttakendum verður tilkynnt um allar breytingar.

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning

Frekari upplýsingar

Ef þú óskar eftir frekari upplýsingum, vilt skrá þig til leiks, hefur einhverjar spurningar eða langar einfaldlega til þess að spjalla um Vestfjarðaleiðina getur þú haft beint samband við Visit Westfjords teymið

travel@westfjords.is
450 6600

Fylgdust með nýjustu fréttum um Vestfjarðaleiðina á:

www.vestfirdir.is/vestfjardaleidin

Hvað er um að vera:

www.westfjords.is

Deilið með okkur á samfélagsmiðlum ykkar sögum um Vestfjarðaleiðina:

Facebook

www.facebook.com/VisitWestfjords

Twitter

www.twitter.com/visitwestfjords

YouTube

www.YouTube.com/user/VisitWestfjords

Instagram

www.instagram.com/VisitWestfjords

Pinterest

www.pinterest.com/westfjords

Og munið að nota myllumerkið #TheWestfjordsWay

1

Ný ferðaleið um Vestfirði

2

Okkar loforð til gesta

3

Áherslumarkaðir

4

Sérstakar upplifanir

5

Sögur Vestfjarðaleiðarinnar

6

Forgangsatriði

7

Skráning